



FRÉTTABRÉF STAPA
HAUST 2014



Lífeyrisgáttin

– betri yfirsýn

Nú geta sjóðfélagar nálgast á einum stað upplýsingar um lífeyrisréttindi í samtryggingarsjóðum. Algengt er að fólk eigi réttindi í mörgum sjóðum og yfirsýn því erfið en með lífeyrisgáttinni opnast greið leið að þessum upplýsingum. Lífeyrisgáttina er að finna á heimasíðu Stapa í gegnum sjóðfélagavefinn.



Hagkvæmasta sparnaðarformið

Viðbótarlífeyrissparnaður er klárlega besta sparnaðarformið sem völ er á þegar spara á aukalega til eftirlaunaáranna.

- Kostur á sveigjanlegum starfslokum
- Mótframlag launagreiðanda upp á 2% jafngildir 2% launahækkun
- Ekki greiddur fjármagnstekjuskattur
- Séreign erfist við fráfall
- Séreignarsparnaður er ekki aðfararhæfur

Viltu afþakka pappír?

Á ný er vakin athygli á því hversu auðvelt er að fylgjast með réttindum sínum með rafrænum hætti. Það er ánægjulegt hversu margir sjóðfélagar hafa brugðist við og afþakkað pappírinn.

Kynntu þér málið á heimasíðu Stapa,

www.stapi.is.

Þjónusta

Skrifstofur sjóðsins eru opnar alla virka daga frá 9:00-12:30 og 13:00-16:00.

Eru þær til húsa að Strandgötu 3, Akureyri og Egilsbraut 25, Neskaupstað.

Símanúmer Stapa er 460 4500.

Mikil ásókn í séreignarsparnað

Mikil aukning hefur verið í séreignarsparnaði hjá sjóðnum á síðustu mánuðum og margir nýir sjóðfélagar bæst í hópinn. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að heimila tímabundna notkun séreignarsparnaðar til að greiða inn á húsnæðislán hefur augljóslega haft mikil áhrif, en einnig hefur umræðan um þetta sparnaðarform vakið áhuga á þessari sparnaðarleið.

Ráðstöfun inn á fasteignaveðlán

Stjórnvöld hafa heimilað að fólk geti nýtt viðbótarlífeyrissparnað til að greiða inn á húsnæðislán á næstu þremur árum, upp að vissu hámarki. Nánar má fræðast um þetta á www.leidretting.is. Í þessu er fólgin varanlegur skattaafsláttur svo hiklaust er hægt að mæla með þessari leið, ekki síst fyrir þá sem yngri eru og glíma við háar húsnæðisskuldir. Rétt er að minna á mikilvægi þess að halda sparnaðinum áfram og undirbúa sig þannig undir eftirlaunaárin.

Einungis er hægt að ráðstafa viðbótarlífeyrissparnaði

Mikilvægt er að sjóðfélagar geri greinamun á lögbundnu iðgjaldi og iðgjaldi til viðbótarlífeyrissparnaðar (séreignar) og til hvaða sjóðs er verið að greiða hvort um sig. Lögbundna iðgjaldið (samtryggingin) nýtist ekki í þessum tilgangi. Forsenda þess að hægt sé að nýta séreignarúrræðið er að fyrir liggi samningur um viðbótarlífeyrissparnað. Á heimasíðu Stapa, www.stapi.is, er að finna upplýsingar með hvaða hætti er hægt að ganga frá samningi við sjóðinn.

Hver einstaklingur verður að sækja um

Rétt er að vekja athygli á því að þegar sótt er um að greiða viðbótarlífeyrissparnað inn á húsnæðislán þurfa hjón að sækja um í sitt hvoru lagi, þ.e. hver einstaklingur sækir um fyrir sig inn á www.leidretting.is. Annað hjóna getur ekki sótt um ráðstöfun á sparnaði beggja, en nokkuð hefur verið um misskilning af þessu tagi.

Safn 4 fyrir umsækjendur séreignarræðis

Stapi hefur sett upp sérstakt safn, Safn 4, sem öllum greiðslum sem fara eiga inn á húsnæðislán verður beint inn á. Fjármunirnir fara inn á óverðtryggðan bankareikning. Með því móti er komið í veg fyrir að þessar greiðslur hafi áhrif á afkomu annarra safna, sem tíðar útborganir gætu annars gert. Einnig tryggir þetta að lágmarkssveiflur verða í ávöxtun safnsins og þær hafa því ekki neikvæð áhrif á innágreiðslur á lánin.



Markaðir og ávöxtun

Innlendir markaðir voru erfiðir á fyrri helmingi ársins 2014, en skráð hlutabréf lækkuðu um 5,6% á tímabilinu og ríkisskuldabréf um 0,3%. Á sama tíma skiluðu erlendir markaðir betri ávöxtun, t.a.m. hækkaði MSCI heimsvísitala hlutabréfa um 4,4% fyrstu sex mánuði ársins og erlend ríkisskuldabréf um 3,2% á sama tímabili.

Í ljósi þessa var ávöxtun sjóðsins hófleg á tímabilinu. Þannig var ávöxtun tryggingadeildar Stapa lífeyrissjóðs á fyrstu sex mánuðum ársins 5,3% og raunávöxtun 3,0%. Ávöxtun safna séreignardeildar var sem hér segir: Safn I -0,5%, Safn II -0,2% og Safn III 4,6%. Samsvarandi raunávöxtunartölur voru: -2,7%, -2,4% og 2,3%.

Ávöxtunin hefur verið heldur betri það sem af er seinni helmingi ársins, en nánari upplýsingar um ávöxtun séreignaleiða má finna á heimasíðu sjóðsins www.stapi.is.

Á fyrri helmingi ársins greiddu 16.223 sjóðfélagar og launagreiðendur þeirra 3.140 milljónir króna í iðgjöld til sjóðsins sem er hækkun um 7,5% frá sama tímabili í fyrra. Lífeyrisgreiðslur námu á sama tímabili 2.146 milljónum króna og hækkuðu um 11,6% milli ára. Allar líkur eru á að lífeyrisgreiðslur frá sjóðnum til lífeyrisþega fari yfir 4 milljarða á árinu.



STAPI lífeyrissjóður

Strandgötu 3, 600 Akureyri
Egilsbraut 25, 740 Neskaupstað

Sími 460 4500

www.stapi.is